

## FORSENDUR

### LAGAUMGJÖRD

Fjárhagsáætlun Kópavogsbæjar fyrir árið 2019 er lögð fram og unnin skv. fyrirmælum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Samkvæmt lögnum skal bæjarráð leggja fyrir bærstjórn drög að fjárhagsáætlun og skal bærstjórn afgreiða fjárhagsáætlun fyrir komandi ár sem og næstu þrjú ár þar á eftir. Saman mynda þessar áætlanir fjögurra ára áætlun fyrir bæinn. Tillögu að fjárhagsáætlun skal skv. lögnum leggja fyrir bærstjórn ekki síðar en 1. nóvember og skal fjalla um tillögurnar á tveimur fundum. Lokaafgreiðsla fjárhagsáætlunar skal liggja fyrir í síðasta lagi 15. desember.

Skv. 63. gr. sveitarstjórnarlaga er fjárhagsáætlun komandi árs bindandi regla um allar fjárhagslegar ráðstafanir. Óheimilt er að víkja frá fjárhagsáætlun nema með samþykkt viðauka í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum eða tilfærslum milli liða.

**Því ber að líta á fjárhagsáætlun Kópavogsbæjar sem fjárveitingu til rekstrar og óheimilt er að víkja frá ákvörðun bærstjórnar í þeim efnum.**


### FJÁRHAGSLEGAR FORSENDUR

Við áætlun tekna bæjarins er stuðst við margvíslegar forsendur. Ekki þarf mikið til að áætlanir raskist gangi forsendur ekki eftir. Undanfarin ár hafa forsendur við gerð tekjuáætlunar bæjarins þó gengið nokkuð vel eftir enda hefur verið farið fram með varkárni við mat forsendna. Á myndinni til hliðar má t.a.m. sjá hver áætlun útsvars þriggja síðustu ára hefur verið til samanburðar við niðurstöðu hvers árs. Útsvar fyrir árið 2019 verður óbreytt eða 14,48%.

Gert er ráð fyrir því við gerð áætlunarinnar að íbúum í bænum muni fjölga um 2,0% á næsta ári og verði í árslok 2019 37.505 talsins, en það er varleg áætlun miðað við fjölgunina undanfarin ár.

Nær allir kjarasamningar eru lausir á árinu 2019 og óvíst hvernig nýir kjarasamningar muni líta út. Almenn gildir, að hækkun launa hefur bæði áhrif á útgjöld bæjarins og tekjur, en útsvar hækkar með hærri launatekjum. Útreikningar sem fjármáladeild bæjarins gerði fyrir nokkrum árum sýndu að ef launahækkningar hjá starfsmönnum bæjarins fylgja almennum hækkunum, þá fjármagna hækkningar á almenna markaðinum hækkningar hjá starfsmönnum bæjarins. Ef hins vegar það verður misvægi hér á, þá getur kostnaður auðveldlega farið úr böndunum.

Í tekjuhluta fjárhagsáætlunarinnar er gert ráð fyrir 6% hækkun launa í landinu á milli ára sem er áætluð hækkun launavísitölu í þjóðhagsspá Hagstofunnar og er sú forsenda færð til hækkunar í tekjuáætlun bæjarins.



*Útsvarsgreiðslur – samanburður áætlana útkomu í ársreikningi. Áætlanir hafa staðist nokkuð vel og forsendur hafa verið varfærnar. Því hefur niðurstaðan undanfarin þrjú ár verið betri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Upphæðir eru í milljónum króna.*

Gert er ráð fyrir að hlutfallslegt atvinnuleysi verði svipað en atvinnuþátttaka og hlutfallslegur fjöldi starfandi íbúa muni aðeins gefa sig á næsta ári, en vegna fjölgunar í bænum muni vinnuafli aukast eða um ríflega 500 manns.

Í áætlun næsta árs er gert ráð fyrir tekjulækkun vegna skattfrjálssrar úttektar af séreignasparnaði til lækkunar á húsnæðisskuldum, sem Alþingi samþykkti í lok árs 2013.

Samkvæmt þjóðhagsspá sem gefin var út í júní 2018 var áætlað að verðbólga ársins 2019 verði um 2,9%. Yngri verðbólguþáttur benda þó til þess að verðbólga á árinu 2019 verði eilítið hærri en Hagstofuspáin frá því í sumar. Nýjasta spá sem birst hefur er þjóðhagsspá að vetri frá Hagstofu Íslands (2. nóvember 2018) en þar er jafnframt gert ráð fyrir að verðbólgan á árinu 2019 verði 3,6%.

Í áætlun bæjarins fyrir 2019 er gert ráð fyrir 2,9% almennri hækkun á vöru- og þjónustukaupaliði, nema matur hækkar um 5%. Þá er gert ráð fyrir 2,9% almennri hækkun á alla tekjulíði (sem jafngildir aukningu tekna). Við mat á fjármagnsliðum er gert ráð fyrir að verðbólga verði 3,9%.

Að teknu tilliti til ofangreindra forsenda er áætlað að útsvarstekjur ársins 2019 muni nema um 23 milljörðum króna, sem jafngildir 7,9% hækkun frá útkomuspá fyrra árs en vænt útkoma ársins 2018 er um 21,3 milljarðar króna.


## FASTEIGNAGJÖLD

Á árinu 2018 voru álagningarhlutföll fasteignagjalda lækkuð og er það framhald af skattalækkunarferli sem hófst 2013. Á árinu 2019 er gert ráð fyrir lækkun á hlutfalli fasteignaskatts, bæði fyrir íbúðir og atvinnuhúsnæði, holræsagjalds, lóðarleigu atvinnuhúsnæðis og vatnsskatts. Hins vegar hækkar sorphirðugjald vegna aukins kostnaðar við meðhöndlun sorps. Lóðarleiga íbúðarhúsnæðis helst óbreytt.


Áætlað er að fasteignagjöld skili bæjarsjóði samtals tekjum sem nemi 6,3 milljörðum króna þegar horft er framhjá verðbreytingum á sorpgjöldum og þá er reiknað með að hækkun fasteignagjalda á meðal íbúðareign í bænum verði á pari við áætlaðar verðbreytingar ársins, eða 3%.

## FASTEIGNASKATTUR

Samkvæmt fjárhagsáætlun er lagt til að fasteignaskattur á íbúðarhúsnæði lækki úr 0,230% í 0,22%, sem jafngildir 4,3% lækkun á skatthlutfallinu. Áætlað er þó að tekjur af fasteignaskatti aukist um 6,7% sem má að hluta rekja til hækkunar á fasteignamati en einnig



Útsvarsgreiðslur – samanburður áætlaðrar útkomu ársins 2018 og fjárhagsáætlunar 2019. Áætlað er að útsvarstekjur aukist um tæpar 1.700 m.kr. milli ára. Upphæðir eru í milljónum króna.



Fasteignaskattur á íbúðarhúsnæði var lækkaður á yfirstandandi ári og gerir áætlun ársins 2019 ráð fyrir áframhaldandi lækkun.

magnaukningar, þ.e.a.s. áætlaðri fjölgun fasteigna í bæjarfélaginu. Fasteignaskattur á atvinnuhúsnæði lækkar úr 1,60 í 1,50%

#### **VATNSSKATTUR**

Vatnsskattur lækkar á milli ára úr 0,070% og verður 0,065% af fasteignamati. Aukavatnsgjald hækkar í samræmi við vísitölu fjárhagsáætlunar, eða um 2,9%.

#### **HOLRÆSAGJALD**

Holræsjald lækkar á milli ára úr 0,115% í 0,105% af fasteignamati.

#### **SORPHIRÐUGJALD**

Sorphirðugjald hækkar úr 33.300 kr. í 36.800 kr. Hækkunina er að rekja til hækkana hjá Sorpu og hækkunar á sorphirðu í kjölfar útboðs.

#### **LÓÐARLEIGA**


Lóðarleiga á einingu íbúðarhúsnæðis helst óbreytt á milli ára, en lóðarleiga atvinnuhúsnæðis lækkar og verður 180 kr. í stað 185 kr.

#### **JÖFNUNARSJÓÐUR**


Hluti af áætlun Jöfnunarsjóðs barst í lok október 2018 og eru þær færðar inn í fjárhagsáætlun. Önnur framlög eru skv. grófri áætlun.

#### **AFSLÁTTUR TIL ELLI- OG ÖRORKULÍFEYRISÞEGA**


Lagt er til að afsláttarmörk vegna elli- og örorkulífeyrisþega hækki um 4,7% milli ára. Er það gert þar sem bætur almannatrygginga hækkuðu um tæplega 4,7% á milli viðmiðunartímabila.



Á myndinni má sjá laun og launatengd gjöld í hlutfalli við rekstrartekjur. Þetta hlutfall liggur í kringum 50% - hefur lægst farið í 46,2% árið 2012 en er áætlað að verði 55,3% árið 2019.



Hér má sjá þróun launakostnaðar frá árinu 2013. Fjárhæðir eru í þúsundum króna.



Á myndinni má sjá annan rekstrarkostnað í hlutfalli við rekstrartekjur. Árið 2019 er gert ráð fyrir að 32,4% skatttekna fari í annan rekstrarkostnað málaflokka.


## LYKILTÖLUR

Ekki er um miklar sveiflur að ræða í rekstri þegar lykiltölur eru bornar saman á milli ára. Laun og launatengd gjöld í hlutfalli við rekstrartekjur hafa verið um 50% undanfarin ár, lægst farið í 46,2% árið 2012. Á næsta ári er áætlað að um 55% af rekstrartekjum bæjarins fari í laun og tengd gjöld starfsmanna, sem má rekja til mikilla launahækkana undanfarin misseri.

Launakostnaður hjá bænum hefur farið hækkandi jafnt og þétt. Áætlað er að launakostnaður aukist um 1.531 m.kr. á milli ára sem er töluverð hækkun sem helst má rekja til mikilla launahækkana vegna kjarasamninga.


Annar rekstrarkostnaður í hlutfalli við rekstrartekjur breytist lítið á milli ára, en um 32,1% af heildartekjum A-hluta bæjarsjóðs fara í vöru- og þjónustukaupaliði í rekstri málaflokka bæjarins. Sé samstæðan skoðuð þá fara 32,2% af tekjum til að greiða annan rekstrarkostnað.

Skuldir án lífeyrisskuldbindinga á hvern íbúa hafa farið lækkandi undanfarin ár, en hækka frá fyrra ári í áætlun 2019. Upphæðir eru á verðlagi hvers árs.




Skuldir án skuldbindinga hækka frá fyrra ári. Upphæðir eru á verðlagi hvers árs og eru í þúsundum króna.

Veltufé frá rekstri á hvern íbúa fer lækkandi frá fyrra ári og nemur skv. áætlun næsta árs 102 þús.kr.



Veltufé frá rekstri á hvern íbúa fer lækkandi frá fyrra ári. Upphæðir eru á verðlagi hvers árs og eru í þúsundum króna.

Skatttekjur á hvern íbúa hafa farið vaxandi á milli ára og skv. framlagðri áætlun má gera ráð fyrir að þær verði 759 þús.kr. á íbúa á næsta ári.



Á myndinni má sjá skatttekjur í þúsundum króna á íbúa. Þessi upphæð hefur farið vaxandi og er áætlað að verði 759 þúsund krónur árið 2019.

## VELFERÐARSVIÐ

### LYKILTÖLUR Í REKSTRI/HELSTU BREYTINGAR

Aðrir liðir í fjárhagsáætlun en þeir sem hér eru nefndir, hafa ekki tekið neinum umtalsverðum breytingum og eru sambærilegir við síðastliðið ár.

### FJÁRHAGSAÐSTOÐ


Þrátt fyrir að fjárhagsaðstoð hafi aukist talsvert eftir hrun og alveg til og með 2014 virðist ákveðnum stöðugleika nú náð. Fjárhagsaðstoð fer lækkandi frá fyrra ári, áætlaður kostnaður vegna fjárhagsaðstoðar árið 2019 er 228 m.kr. en var 231 m.kr. skv. áætlun 2018. Vænt útkoma fyrir núlíðandi ár er einnig undir áætlun fyrir árið. Það má að hluta rekja til batnandi atvinnuástands en einnig til breytts verklags við afgreiðslu umsókna um fjárhagsaðstoð. Mikil áhersla er nú á að vinna með einstaklinga og aðstoða þá við að komast í vinnu, endurhæfingu eða á örorku. Áhersla er m.a. lögð á úrræði Atvinnuvers, í þeim tilgangi að þeir sem njóta fjárhagsaðstoðar fái aðstoð til þátttöku í atvinnulífinu eða viðeigandi endurhæfingu.

Gert er ráð fyrir að grunnfjárhæðir fjárhagsaðstoðar hækki um 2,9% í samræmi við reglugerð og er þessi liður hækkaður sem því nemur frá því sem hann stefnir í að verða fyrir þetta ár. Ekki er gert ráð fyrir fjölgun þeirra sem njóta aðstoðar og er gert ráð fyrir að útgreidd fjárhagsaðstoð verði á pari við núlíðandi ár.

### HÚSALEIGUBÆTUR

Um áramótin 2016/2017 tók gildi ný löggjöf um húsnæðisstuðning sem felldi úr gildi eldri lög um húsaleigubætur. Við tóku reglur um sérstakan húsnæðisstuðning í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga sem er fjárstuðningur til greiðslu á húsaleigu umfram húsnæðisbætur sem veittar eru á grundvelli laga um húsnæðisbætur nr. 75/2016. Samkvæmt lögnum fluttist stjórnýsla og umsýsla með almennum húsnæðisbótum frá sveitarfélögum til ríkisins, en sveitarfélögin sjá áfram um greiðslu á sérstökum húsaleigubótum, eða sérstökum húsnæðisstuðningi eins og það er nú kallað.

Sérstakur húsnæðisstuðningur er ætlaður þeim fjölskyldum og einstaklingum sem leigja á almennum markaði og eru ekki á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæðis sökum lágra launa og þungrar framfærslubyrðar.




Þessi mynd sýnir uppreiknaðan kostnað vegna fjárhagsaðstoðar og sérúrræða, að frádregnum niðurgreiðslum vegna leikskólagjalda og styrkjum til líknarfélaga, en að viðbættum sérúrræðum í barnavernd. Fjárhæðir eru í milljónum króna.

## ÞJÓNUSTUDEILD FATLAÐRA

Árið 2016 er sjötta árið sem sveitarfélög annast og bera ábyrgð á þjónustu við fatlaða, eftir yfirfærslu málaflokksins árið 2011. Málaflokkurinn fer ört stækkandi sem er aðallega að rekja til fjölgunar á notendum þjónustunnar, sérstaklega í liðveislu, enda voru biðlistar eftir þjónustu mjög langir þegar málaflokkurinn var tekinn yfir. Kostnaður vegna félagslegrar þjónusta við fatlaða; liðveislu og frekari liðveislu hefur aukist um meira en 76% frá árinu 2014. Mikil þörf er á þessari þjónustu og því líklegt að þessi kostnaður eigi eftir að aukast hlutfallslega enn frekar á næstu árum.

### LIÐVEISLA OG FREKARI LIÐVEISLA

Í áætlun 2019 er gert ráð fyrir hækkun framlaga í liðveislu og frekari liðveislu til að mæta auknum umsvifum í þessari þjónustu. Gert er ráð fyrir að greiðslur vegna liðveislu á næsta ári nemi 137 m.kr. og greiðslur vegna frekari liðveislu nemi 191 m.kr., sem gerir heildarkostnað vegna málaflokksins 328 m.kr.



Á myndinni má sjá uppreiknaðan heildarkostnað vegna liðveislu og frekari liðveislu, en kostnaður hefur vaxið umtalsvert undanfarin ár. Heildargreiðslur vegna málaflokksins eru áætlaðar 328 m.kr. árið 2019. Fjárhæðir eru í milljónum króna.

### TILFÆRSLA/BREYTING Á STÖÐUGILDUM Í BÚSETU VIÐ FATLAÐ FÓLK

Í Kópavogi eru rekin átta heimili og íbúðakjarnar fyrir fatlað fólk þar sem búa 49 einstaklingar. Á árinu 2019 er heildarfjöldi stöðugilda á þessum stöðum samtals 67,35. Auk þess rekur sveitarfélagið eitt áfangaheimili fyrir íbúa á höfuðborgarsvæðinu.

Reynslan hefur sýnt að þjónustan á hverjum stað getur verið breytileg frá einum tíma til annars og hefur verið reynt að mæta því með tilfærslu á stöðugildum. Þannig verður rýmt til fyrir 1 stöðugildi á Skjólbraut með tilfærslu á fjármagni innan ramma fjárhagsáætlunar til að mæta auknum umsvifum vegna breytinga á íbúðakjarnanum frá því nýr íbúi flutti inn í byrjun árs 2017.

Þá verður bætt við 0,85 stöðugildi í Austurkór. Fjöldi stöðugilda í íbúðakjarnanum að Austurkór hefur tekið mið af því að flestir íbúar séu í dagþjónustu allan daginn frá 8-16. Þar hefur orðið breyting á og þurfa íbúar þess í stað meiri þjónustu heimavið þann tíma sem þeir eru heima.

Þá verður aukið við 0,5 stöðugildi á Kópavogsbraut til að bregðast við auknum umsvifum vegna eins íbúa sem þarf fylgd tveggja starfsmanna að lágmarki hvert sem hann fer og þá verður ávallt að hafa í huga lágmarksmönnun með tilliti til öryggis starfsmanna og annarra íbúa. Til að mæta betur þjónustu og öryggiskröfum er samþykkt að bæta við hálfu stöðugildi.

## ÞJÓNUSTUDEILD ALDRAÐRA

Öldruðum Kópavogsbúum hefur fjölgað um 51% frá árinu 2008. Stöðugt fleiri íbúar þurfa því á heimaþjónustu að halda. Að jafnaði bíða um 50 Kópavogsbúar með samþykkt færni- og heilsumat eftir hjúkrunar- eða dvalarrými og í lok september sl. voru þeir 58 talsins. Varanleg búsetuúrræði á hjúkrunarheimilum á vegum Kópavogsbæjar eru alls 124 rými. Enn fremur hefur það aukið á vanda heimaþjónustunnar að í bænum eru aðeins 70 dagvistunarrými og þar af 26 sem eru ætluð einstaklingum með heilabilum. Í dag eru rúmlega 140 einstaklingar á bið eftir dagdvalarplássi, þar af 36 einstaklingar sem bíða eftir sérhæfðri dagvist fyrir einstaklinga með heilabilun. Út frá fjölda á biðlistum sem og fjölda þeirra sem nýta dagvistunarúrræðin má ætla að í dag hafi 200 einstaklingar hið minnsta þörf fyrir dagvistun. Skortur á hjúkrunarrýmum og ekki síður dagdvalarrýmum kallar á frekari og meiri þjónustu á heimilum aldraðra og til þess að verða við þessari auknu þjónustu hefur verið aukið við fjölda starfsmanna í félagslegri heimaþjónustu sem nemur tveimur stöðugildum.

Í janúar 2018 var farið af stað með tilraunaverkefni um sértæka heimaþjónustu þar sem þjónusta er veitt alla daga frá morgni til kvölds. Notendur þjónustunnra eiga það sammerkt að þurfa umtalsverðan og sérhæfðan stuðning í daglegu lífi, eru með geðraskanir og/eða líkamlegar fatlanir. Til að mæta biðlistum og ákvæðum nýrra laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 með síðari breytingum og laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018, sem kveða á um viðtækari stoðþjónustu en áður, er þörf á aukningu stöðugilda. Gert er ráð fyrir 1 stöðugildi í sértæka heimaþjónustu vegna þessa.

## HÚSNÆÐI FYRIR UTANGARÐSFÓLKS OG FÍKLA

Samþykkt er að veita fjármagn í verkefni sem snýr að húsnæði fyrir utangarðsfólks og fíkla. Verkefnið felst í því að leysa tímabundin vanda einstaklinga sem eru heimilislausir eða utangarðs og eiga í engin hús að vernda vegna vímuefnafíknar eða annars vanda í samvinnu við Reykjavík á meðan unnið er að varanlegri lausn í húsnæðismálum þessa hóps. Samstarf sveitarfélaga höfuðborgarsvæðisins vegna þessa hefur verið rætt á vettvangi samráðshóps SSH um velferðarmál. Settar eru 10 milljónir í þetta verkefni í áætlun ársins 2019.

## MENNTASVIÐ

Fjárhagsáætlun tekur almennt mið af fyrirbyggjandi úthlutunarreglum vegna stöðugilda, yfirvinnutíma, álags sem og annarra þátta. Breytingar geta verið misjafnlega miklar milli skóla



og stofnana eftir því hvernig aðstæður breytast á hverjum stað fyrir sig. Gert er ráð fyrir að gjaldskrár hækki almennt um 2,9%.

## HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁÆTLANA

Aðrir liðir í fjárhagsáætlun en þeir sem hér eru nefndir, hafa ekki tekið neinum umtalsverðum breytingum og eru sambærilegir við síðastliðið ár.

Til að bregðast við auknu álagi og miklum fjarvistum vegna veikinda er fjármagn sett í sérfræðipjónustu við innleiðingu viðverustefnu fyrir stofnanir sviðsins. Viðverustefna menntasviðs hefur að markmiði að styrkja heilsueflingu starfsmanna og vellíðan í vinnu og draga úr fjarvistum vegna veikinda starfsmanna með fyrirbyggjandi aðgerðum. Hafist verður handa við innleiðingu í þremur leik- og grunnskólum ásamt báðum sundlaugum bæjarins. Er áætlaður kostnaður vegna þessa í áætlun 6 milljónir króna.

Í áætlun 2019 er gert ráð fyrir 2 milljónum króna til að hefja vinnu við að innleiða Réttindaskóla Unicef í einstökum leik- og grunnskólum í tengslum við innleiðingu barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Gengið verður til samstarfs við Skógræktarfélag Kópavogs um nýtingu Guðmundarlundar sem miðju náms í sjálfbærni í Kópavogi. Er fyrst og fremst um að ræða kostnað við rútuakstur og er áætlaður kostnaður við verkefnið 2,5 milljónir króna.

## GRUNNSKÓLADEILD

Kennslulaun taka m.a. mið af fjölda nemenda og aldursamsetningu í hverjum skóla. Auk þess tekur úthlutun mið af sérþörfum nemenda, t.a.m. vegna sértækra greininga og nemenda sem falla undir viðmið jöfnunarsjóðs.

Í áætlun er gert ráð fyrir hækkun upp á 5 milljónir króna vegna viðhalds og endurnýjunar á búnaði í grunnskólum bæjarins.

Gert er ráð fyrir hækkun upp á 4 milljónir króna vegna námskeiða og aðkeyptar ráðgjafar sem m.a. varða snemmtæka íhlutun nemenda með geðrænan vanda, vanlíðan og erfiða hegðun, sjálfsstyrkingu barna, samskipti barna m.t.t. til eineltis, íslenskukennslu fyrir börn með annað móðurmál og málþroskaverkefni á yngsta stigi grunnskóla í tengslum við lestrarstefnu.

## STJÓRNUN OG STARFSUMHVERFI GRUNNSKÓLA

Unnið hefur verið að því í samstarfi við skólastjóra að leita leiða til að styrkja starfsumhverfi skólanna. Starf skólastjórnenda hefur breyst mikið á síðustu árum með fjölgun verkefna og svigrúm til faglegrar forystu er lítið. Áhersla er lögð á að efla svigrúm kennara

og stjórnenda til að sinna skólaþróun og faglegri forystu. Gert er ráð fyrir að skólastjórnendur geti ráðið skrifstofustjóra í grunnskóla bæjarins til þess að auðvelda þeim að skipuleggja stjórnun skólans í samræmi við breytt verkefni og ábyrgð. Áætluð aukin fjárheimild til stjórnunar er 10 milljónir króna til að skapa aukið fjárhagslegt svigrúm til þessa.

### **STUÐNINGUR VIÐ NEMENDUR MEÐ SÉRÞARFIR Í FRÍSTUND**

Aukið verður við stuðning við nemendur með sérþarfir í frístund og þá verður bætt við tveimur stöðugildum frá hausti 2019. Áætlaður kostnaður sem fellur til á næsta ári vegna þessa er 6 milljónir króna. Samtals áætlaður kostnaður á ársgrundvelli er hins vegar 12 milljónir króna.

### **SÁLFRÆÐIÞJÓNUSTA**

Aukið verður við úthlutun sálfræðitíma í grunnskólum um 40 klst. á viku frá og með hausti 2019. Áætlaður kostnaður í áætlun 2019 er 9 milljónir króna, en 18 milljónir króna á ársgrundvelli.

### **FORVARNARVERKEFNI TRAÐAR**

Gert er ráð fyrir 0,6 stöðugildi inn í forvarnarverkefni grunnskólanna frá hausti 2019 í þeim tilgangi að styrkja snemmtæka íhlutun og móta viðbragðsáætlanir vegna geðheilsu og hegðunarvanda barna og unglinga. Vinna þarf markvissar í að veita heimaskólum nemenda ráðgjöf og stuðning eftir að dvöl þeirra lýkur í Tröð. Það er mikilvægt að ná betri árangri á dvölin hafi áhrif á skólagöngu nemenda til velfarnaðar. Áætlaður kostnaður í fjárhagsáætlun 2019 er 2,5 milljónir króna og á ársgrundvelli er kostnaður um 5 milljónir króna.

### **SPJALDTÖLVUVÆÐING**

Gerðar verða breytingar á spjaldtölvuteymi, verkefnastjóri hættir um áramót og einn kennsluráðgjafi fer í hálf starf. Gert er ráð fyrir að ráðinn verði einn kennsluráðgjafi sem fari annars vegar með yfirumsjón verkefnis og hins vegar kennsluráðgjöf. Stöðugildi verkefnastjóra var 1 og kennslustjórar í 3 stöðugildum eða samtals 4 stöðugildi. Eftir breytingu verða samtals 3,5 stöðugildi. Kostnaður við viðbótar kennsluráðgjöf er áætlaður 5 milljónir króna á ársgrundvelli eða 2,5 milljón króna í áætlun 2019. Á móti kemur að ekki er gert ráð fyrir heilu stöðugildi verkefnastjóra.

### **LEIKSKÓLADEILD**

Í áætlun er gert ráð fyrir hækkun vegna námskeiða og aðkeyptrar ráðgjafar upp á 6 milljónir króna, sem varða verkefni í tengslum við snemmtæka íhlutun af ýmsum toga, m.a. hegðunarvanda barna,

vináttuverkefni, málþroskaverkefni tengt lestrarstefnu og samskipti barna m.t.t. til eineltis.

## ÍPRÓTTA-, FRÍSTUNDA- OG FORVARNADEILD

### REKSTUR ÍPRÓTTAMANNVIRKJA OG ÍPRÓTTAFÉLAGA

Í áætlun 2019 er gert ráð fyrir 0,3 stöðugildi í Fagralundi til að geta þjónustað fundi o.þ.h. Fundaraðstaða í Fagralundi og þjónusta sem henni fylgir kallar á aukin stöðugildi til rekstursins og er kostnaður vegna þessa áætlaður 2,3 milljónir króna.

Gert er ráð fyrir 1 stöðugildi með álagstímum í Kórinn vegna ræstingar og viðhalds hússins, en íþróttamiðstöðin Kórinn er umfangsmesta og stærsta íþróttamannvirki Kópavogsbæjar. Hefur notkun mannvirkisins stórukist undanfarin 5 ár sem kallar á aukin umsvif í rekstri þess. Áætlaður kostnaður er 7,5 milljónir króna.

Þá er gert ráð fyrir hækkun upp á 1,5 milljón króna vegna vörukaupa í Kórnum. Um er að ræða hækkun vegna hreinlætis- og ræstingarvara sem og sorphirðugjalds sem fylgir stækkandi rekstri með sömu rökum og áður greinir.

### FÉLAGSMIÐSTÖÐVAR

Gert er ráð fyrir aukningu stöðugilda í félagsmiðstöðvum Þebu, Kjarnanum og Igló um samtals 0,51 stöðugildi eða 17% á hverjum stað og er tilgangurinn að geta þjónustað betur ákveðna hópa unglinga, m.a. miðstig, og aukið dagopnanir. Áætlaður kostnaður er 2,5 milljónir króna.

### FRÍSTUNDAÞÍLL

Unnið er að mótun nýrrar akstursáætlunar samrekins frístundabíls SÍK (samstarfsvettvangur íþróttafélaga í Kópavogi) og þriggja stærstu íþróttafélaganna. Málið er unnið í góðu samstarfi íþróttafélaganna og fulltrúa bæjarins, m.a. frístundar grunnskólanna. Markmiðið er að einfalda akstursáætlun frístundabíls með öryggi og hagsmuni barnanna að leiðarljósi og fjölskyldna þeirra. Tilraunaverkefnið er til eins árs, áætlaður kostnaður er 6 milljónir króna.

## UMHVERFISSVIÐ

---

### FRAMKVÆMDIR

Ráðist verður í miklar framkvæmdir á vegum Kópavogsbæjar á næsta ári þar sem framkvæmt verður fyrir rúma 3,7 milljarða króna á næsta ári sem er svipuð upphæð og á yfirstandandi ári.

## LEIKSKÓLAR

Á síðasta kjörtímabili var ákveðið að gera sérstakt átak í endurnýjun leikskólalóða og hefur á síðustu árum verið unnið eftir framkvæmdaráætlun sem ber heitið „Skemmtilegri leikskólalóðir“. Á næsta ári er gert ráð fyrir 40 m.kr. í verkefni sem er sama upphæð og á árinu 2018. Þá verður hafist handa við hönnun á nýjum leikskóla samhliða byggingu á nýjum Kársnesskóla.

## GRUNNSKÓLAR

Hafist verður handa við byggingu á nýjum Kársnesskóla við Skólagerði og verður 2,1 milljarði króna varið í það verkefni á næstu fjórum árum. Verður 150 m.kr. varið í byggingu skólans í áætlun 2019 þar sem lokið verði við hönnun skólans og verklegar framkvæmdir boðnar út. Þá verður 120 m.kr. varið í viðhald á Kópvogsskóla og 80 m.kr. varið í stækkun eða breytingu á Smáraskóla í tengslum við frekari fjölgun íbúða í skólahverfinu.

Eins og í leikskólunum þá var hrundið af stað átaki í endurnýjun á lóðum grunnskólanna „Skemmtilegri grunnskólalóðir“. Í það verkefni hefur verið varið 50 m.kr. á ári og það sama mun eiga við á árinu 2019. Við Álfhólfsskóla verður 450 m.kr. varið í nýja byggingu undir skólahljómsveit Kópavogs á næsta ári en áætlað er að taka það húsnæði í notkun í byrjun árs 2020.

## ÍPRÓTTAMANNVIRKI

Á árinu 2019 verður 100 m.kr. varið í endurbætur í Kórnum svo hægt verði að nýta húsnæðið betur í tenglum við það skólastarf sem þar fer fram og bættu þjónustu við íbúa í efri byggðum (bókasafn/menningarmiðstöð). Þá verður samtals 250 m.kr. varið í að setja gervigras á Kópavogsvöll, ásamt hitakerfi og lýsingu, þá verða virkjaðar hitalagnir utanhúss við Kórinn og er áætlað að kostnaður við það nemi 80 m.kr. Í Kórnum eru settar 50 m.kr. í áhorfendabekki íþróttahúss. Í íþróttahúsi Digraness verður skipt um golf en það kemur ekki fram í framkvæmdáætlun þar sem þar er um að ræða viðhald og fer í gegnum rekstrareikning.

## AÐRAR EIGNIR

Hvað varðar aðrar eignir bæjarins þá ber hæst að nefna að varið verður 200 m.kr. í kaup á félagslegu húsnæði en þessir fjármunir eru hugsaðir sem 12% framlag á móti 18% framlagi frá ríkinu.

## BETRA UMhverfi og UMFERÐARÖRYGGI

Ríflega 1,5 milljarði verður varið í gatnagerð og tengd verkefni á næsta ári. Samhliða fjölgun íbúða í sveitarfélaginu verður umtalsverðum fjármunum varið í gatnagerð í nýjum og eldri hverfum bæjarins. Verður 250 m.kr. varið í gatnagerð í nýju hverfi

201 Smára á næsta ári og 350 m.kr. varið í gatnagerð á Kársnesi. Einnig verður umtalsverðum fjármunum varið í umferðaröryggismál, hjólréiðastíga, gönguleiðir og opin svæði eða um 250 m.kr. Þá er varið 110 m.kr. í malbiksyfirlagnir á götum bæjarins.

## ÍBÚALÝÐRÆÐI

Haldið verður áfram með íbúalýðræðisverkefnið „Okkar Kópavogur“ þar sem íbúar ákveða sjálfir tiltekin verkefni sem dreifast um allan bæinn. Á árinu 2019 verða 100 m.kr. varið í verkefnið.

## SAMEIGINLEGUR KOSTNAÐUR

---

Á málaflokk 21 er annars vegar færður kostnaður stjórnsýslusviðs bæjarins og hins vegar ýmis sameiginlegur kostnaður sem er ekki hluti af almennum rekstri bæjarins. Rekstur deilda stjórnsýslusviðs hefur nánast staðið í stað undanfarin ár en minnkað að raungildi þegar þegar fjárhæðir eru reiknaðar til verðlags 2017. Á sama tíma hefur rekstur bæjarins aukist verulega, ný verkefni orðið til, stofnunum fjölgað, nemendum fjölgað á leik- og grunnskólum og íbúum bæjarins fjölgað.

Hluti þeirra útgjalda sem færast á sameiginlegan kostnað er utan reksturs stjórnsýslusviðs og hefur bærinn lítil áhrif á þau útgjöld. Sem dæmi má nefna rekstrarframlag til lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar eða liðir eins og áfallið orlof, en slík orlofsskuldbinding tengist öllum starfsmönnum bæjarins.

## INNLEIÐING PERSÓNUVERNDARSTEFNU

Ný lög um persónuvernd sem tóku gildi á yfirstandandi ári fela í sér verulega auknar kröfur í persónuvernd hjá aðilum sem vinna með persónuupplýsingar. Á árinu 2018 var samþykkt nýtt stöðugildi persónuverndarfulltrúa í samræmi við ákvæði laganna með viðauka við fjárhagsáætlun síðasta árs. Gert er ráð fyrir viðbótarkostnaði við innleiðinguna á árinu 2019, er annars vegar um að ræða kostnað við hugbúnaðarleyfi og hins vegar aðkeypta ráðgjöf, samtals 4 milljónir króna.

## LÝÐHEILSA

Í áætlun ársins 2019 er gert ráð fyrir kostnaði vegna ýmissa lýðheilsutengdra verkefna að fjárhæð 20 milljónir króna. Má þar nefna að líkamræktarstyrkur til starfsmanna bæjarins verður hækkaður úr 16.000 kr. í 20.000 kr. og boðið verður upp á bólusetningar og heilsufarsmælingar á vinnustöðum fyrir starfsmenn bæjarins. Önnur lýðheilsuverkefni eru námskeið er varða einelti, áreiti og reykelsi, samstarfsverkefni um geðrækt sem

er ætlað að þjóna hlutverki fyrsta stigs forvara, jóga eða teygjur á vinnustöðum og holl næring svo fátt eitt sé nefnt.

## UT-DEILD

Í áætlun ársins 2019 er gert ráð fyrir 80 milljónum króna í hins ýmsu verkefni tengd UT-þjónustu. Má þar nefna netöryggi til varnar netárásam, útskipti á tölvum, hugbúnaðarlausnir, viðbótarbúnað á stofnanir og kostnaður vegna aukinna netnotkunar.

Gert er ráð fyrir 142 m.kr. (nettó) vegna uppfærslu á spjaldtölvum fyrir yngsta stig í grunnskólum bæjarins í áætlun ársins 2019.

## MENNINGARMÁL

Gert er ráð fyrir kostnaði vegna endurbóta og viðhalds í Safnahúsi fyrir samtals 99 milljónir króna í fjárhagsáætlun ársins 2019. Endurnýja þarf hljóðkerfi í Salnum, ljósabúnað í Gerðarsafni sem fellur á eignasjóð og grunnsýningu í Náttúrusafni. Einnig þarf að endurnýja afgreiðslu, gólfefni og húsgögn í Safnahúsi ásamt því að fara þarf í endurbætur á vinnusvæði starfsmanna bókasafns.

## ÍBÚALÝÐRÆÐI

Nýtt stöðugildi verkefnastjóra íbúatengsla sem ber ábyrgð á stefnumörkun á sviði þátttökulýðræðs og innleiðingu verkefna á því sviði er samþykkt í fjárhagsáætlun 2019. Verkefnastjóri íbúatengsla stýrir verkefninu „Okkar Kópavogur“ sem snýr að þátttöku íbúa bæjarins við ráðstöfun fjármagns til framkvæmda, skipuleggur íbúafundi og stýrir framkvæmd íbúakosninga þegar bæjarstjórn samþykkir að leggja ákvarðanir fyrir íbúa bæjarins. Hann ber jafnframt ábyrgð á innleiðingu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Áætlaður árlegur kostnaður er 12 milljónir króna.

## MANNAUÐSMÁL

Mannauðsmál verða eflid á fagsviðum með því að ábyrgð mannaúðsmála verður færð af miðlægrri starfsmannadeild og yfir á fagsviðin undir hvern og einn sviðsstjóra. Þrjú stöðugildi munu færast af starfsmannadeild yfir á fagsviðin sem mun auka getu sviðanna sjálfra til að sinna mannaúðsmálum.

## FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD

---

Eftirfarandi forsendur eru notaðar við gerð áætlunar:

## VAXTATEKJUR

Hér eru bókaðar allar vaxtatekjur sem Kópavogsbær fær. Lang stærsti liðurinn er reiknaðar vaxta- og verðbótatekjur af fjárbindingu í eignum bæjarins sem gera kr. 2.598 milljónir. Þessar tölur eru reiknaðar samkvæmt opinberum reglum og mynda grunn að innri leigu stofnana bæjarins.

Við útreikninginn er nú miðað við sömu vexti og gert var vegna 2017 og reiknað með að verðbólga verði 3,9%.

Varðandi aðrar vaxtatekjur, þá er reiknað með að vanskil verði svipuð og á árinu 2018 og að niðurfærsla eldri vaxtatekna verði óbreytt, því verði jafnvægi í inn- og útfærslu á þessum lið.

## TEKJUR AF EIGNAHLUTUM

Hér er gert ráð fyrir arði af eign bæjarins í Brunabótarfélaginu og Lánasjóði sveitarfélaga.

## VAXTA- OG VERÐBÓTAGJÖLD

Í þjóðhagsspá að sumri sem kom út 1. júní sl. var áætlað að verðbólga ársins 2019 yrði 2,9%. Síðari velbólguspár hafa svo áætlað að verðbólga ársins verði hærrí. Við útreikning vaxta- og verðbóta var því reiknað með 3,9% verðbólgu á næsta ári. Nýjasta spáin er þjóðhagsspá að vetri sem Hagstofa Íslands birti þann 2. nóvember 2018, en þar er gert ráð fyrir að verðbólgan á árinu 2019 verði 3,6%.

Fara þarf í lántöku á árinu 2019 til að standa undir framkvæmdum og afborgunum lána, en árið 2019 verður síðasta ár þungra afborgana vegna uppgreiðslu þungs lánaflokks sem var stofnaður í lok árs 2008.

Í þessari áætlun er horft framhjá gengismuni eins og áður. Því munu bein áhrif gengisbreytinga hafa óveruleg áhrif á skuldir bæjarins að öðru leiti en því hvernig þær skila sér í hækkaðri vísitölu neysluverðs.

## HÚSNÆÐISNEFND KÓPAVOGS

---

Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir Húsnæðisnefnd Kópavogs er gert ráð fyrir 2,9% hækkun húsaleigu milli árána 2018 og 2019, sem er í tengslum við breytingar á húsaleigubótakerfinu.